


# HEIMIR



VI. árgangur

WINNIPEG, 1910.

6. blað.

## SÓLARLAG

---

Sjá, logandi bjarma á loftið slær  
og ljómandi fögrum roða,  
en röðullinn ennþá skín svo skær  
und skýjasaldi, við dagsins tær,  
sem vilji hann værðir boða.

—þá sezt ég hér kyr fram við sólbyrgisdyr  
og sólarlags fegurð skoða.

Og kveldroðinn líður um loftið blátt  
á ljómandi gullnum eiki;  
hann stífur með ró um hvelið hátt  
og hvervetna eykur líf og mátt,  
svo geislarnir líða í leiki;  
í faðmlög hlý við hin fölu ský  
þeir falla þó alt sé á reiki.

Og kveldsólar-bjarmið á daggþoku-drög  
svo dýrðlegar glitrósir malar,—

og dásamlega er höndin sú hög  
 þess hæsta máttar, er setti honum lög,  
 svo lotning í brjósti manns bálar,  
 það hrífur bið smæsta og hvað sem er stærst  
 í hyldýpi mannlegrar sálar.

Og friðsælu dísirnar dragast í fans,  
 með draumværðar englunum smáu,  
 þau stíga þar léttan og líðandi dans  
 of lyfta því þyngsta af hugsunum manns  
 í draumsjóna hæðirnar háu,  
 en ljósálfar kvika við ljósvakans blik  
 þar lengst úti í vestrinu bláu.

Pá árdegissólin í austrinu sézt  
 af algleymi dvalans rís fjöldinn,  
 og hádegissólin hún hlúir oss bezt,  
 en háttignarlegust og fegurst hún sezt,  
 —og ljósið er kærast á kvöldin—  
 þá brosir hún kært og hún skín þá svo skært  
 og skreytir upp rökkurtjöldin.

Þú skáld, sem með hagmælsku hríſa vilt þjóð  
 og hugsjónir vekja hjá lýði,  
 því reynirðu aldrei að laga til ljóð,  
 um þogandi, marglitað sólgeisla flóð,  
 sem létt geti lúa og stríði ?  
 þú syngur um ást, sem í æsku þér brást,  
 en ekkert um kveldroðans prýði.

Og vinur, ef huggun og hugsvölun þarfst  
 og hjarta þitt statt er í voða,  
 ef ekkert þér finnst vera inndælt og bjart,  
 en alt vera skuggalegt napurt og svart,  
 —ef ekkert þér yndi má boða—  
 seztu þá kyr fram við sólþyrgis dyr  
 og sólarlags fegurð skoða..

## Cecil Rhodes' Styrkhafinn, 1910-13


JOSEPH ÞÓRARINN THORSON

Að kveldi þess 28 Janúar s.l. var herra Joseph Þórarinn Thorson, kjörin, styrkhafi Cecil Rhodes' sjóðsins við Oxford háskóla fyrir hönd Manitoba fylkis af háskólaráði fylkisins. Þetta er annar Íslendingurinn er hlutið hefir slíkan heiður nú á tveimur árum. Í fyrra Skúli Johnson, nú Joseph Thorson. Er það ekki lítill heiður þjóð vorri hér og sannarlega oss öllum fagnaðarefni.

Fyrir rúmum 30 árum kom um vér fyrst hingað til þessa lands, fátækir, fávísir, mállausir og villiráfandi, hraktir af ættjörðinni sakir skorts og harðréttar, fyrirlitnir, taldir glataðir og fortapaðir af braeðrunum er eftir sátu, reknir eins og geitfó og búsmáli af þeim er fyrir voru hér í landi, á afréttir og eyðimerkur til þess að duga eða drepast, eftir að þangað kom.

En þetta var fyrir 30 árum.

Fortapaða fólkið lifði, það bjargaðist með allt sitt á land og það hefir haldið öllu sínu til móts við aðra menn, svo að tvísýni mun á hvort fremur sé ættþjóð vorri og föðurlandi til sóma, týndi sonurinn er fór til fjarlæga landsins *arflaus*, eða sá útvaldi er heima sat. Enda eru kalayrðin orðin fá nú í garð hinna útfluttu manna. Og það er vel, því vér erum öll eitt fólk, þeir



sem fluttir voru til Babylon, og þeir sem heima sitja við fallin garð frægðaraldar, gamalla daga. Og hinir fornu Hafnar stúdentar, er ýkjugirni íslenzkra sagna heðr gætt yfirnáttúrlegu, afli, minni, námshæfilegleikum, æfintýrastauti, er glíma var við tröll, reka var út sjómenn úr drykkjukrím, reikna ervið dæmi, eða' leggja út af óvanalegum textum, eiga enn sanna eftirkomendur er sverja sig til íslenzkrar ættar meðal íslenzkra nemenda fyrir vestan haf.

Við tröll hefir verið að glsma, ekki sízt þegar efnahagur er af skornum skamti, að kljúfa kostnað þann sem fylgir háskólagöngu, þar sem keppa er við úrvalalid æskulýðs ýmissa þjóða er ásamt oss eru búsettar hér í landinu.

Cecil Rhodes' styrkurinn er einungis veittur fyrir framúrskarandi próf alla skólaleiðina til enda og afburði í leikum og íþróttum er samfara eru hér í landi háskólanámi. Hefir Joseph Thorson uppfyllt öll þau skilyrði og því hlotið heiðurinn.

Joseph Þórarinn Thorson er fæddur hér í Winnipeg og eru foreldrar hans þau Stefán Thorson, valin-kunnur gáfumaður og ræðumaður ágætur, hér í borg, og kona hans Sigríður Þórarinsdóttir. Eru þau hjón bæði ættuð úr Biskupstungum í Árnessýslu. Foreldrar Stefáns voru þau Þórður Jónsson og Helga Jónsdóttir, hjón á Bryggju í Biskupstungum, en foreldrar Sigríðar þau Þórarinn Þórarinsson og Guðríður Jónsdóttir hjón í Ásakoti í Biskupstungum. Þau Stefán og Sigríður fluttust til Reykjavíkur árið 1881 og stundaði Stefán þar steinsmíði. Þar dvöldu þau uns þau fluttust hingað vestur sumarið 1887, og er Joseph sonur þeirra, einsog áður segir, fæddur hér þann 15 Marz mánaðar 1889 er hann því aðeins tvítugur að aldri og því sá yngsti er hlotið hefir Rhodes' verðlauninn enn sem komið er, hér við háskólann. Ennfremur má geta þess að frá því háskólinn var stofnaður hér í þessu fylki nú fyrir 32 árum síðan, eða síðan 1877, hefir engin útskrifast með jafn háum vitnisburði og hann. Til gamans setjum vér hér vitnisburð hans frá því hann lauk námi á barnaskólanum árið 1903, við Carlton skóla þessa bæjar og fram til þessa.

Með September 1903 innskrifaðist hann við Collegiate Institute (undirbúnings skóli fyrir háskólann. Undirbýr sá skóli einnig kennara barnaskólamna). Við fyrsta árs próf (að meðtoldum öllum mánaðalegum prófum og auka yfirheyrzlum) hlaut hann I einkun ( $87\frac{3}{4}$  per cent.), við próf miðársins I ágætis einkun (IA) og auk þess Isbister verðlaun (\$20) sem veitt er fyrir beztu jaðnaðar einkun yfir árið og við burtfarar prófin sumarið 1906 hlaut hann I ágætis einkun (IA, var meðaltal 95 per cent.) og auk þess \$60 verðlaun í latínu og stærðfræði og heiðurs viðurkennung fyrir ensku og grísku.

Með Október 1906 innritaðist hann við háskólann og skrifðaðist í Manitoba College. Fyrsta árs prófi lauk hann þannig að hann hlaut I ágætis einkun (í 11 greinum IA og einni IB, meðaltal IA) og auk þess \$60 verðlaun fyrir latínu og stærðfræði og heiðurs viðurkennung fyrir próf í Rómverskri sögu, ensku, frönsku og grísku. Öðru árs prófi lauk hann á sama hátt með I ágætis einkun (í 10 greinum IA og í einni IB—meðaltal IA). Verðlaun hlaut hann aftur, þá fyrir latínu, ensku, sögu og heimspeki, er námu \$60 og heiðurs viðurkennung í ensku, frönsku og grísku. Yfir árið sem leið er sömu sögu að segja, enn I ágætis einkun (IA í öllum 10 greinum) og heiðursverðlaun háskólans \$125 fyrir hæstu einkun yfir 3 árin. Á miðsvetrar prófi í veturna hlaut hann enn I ágætis einkun, og vafalaust tekur þá einkun í vor er hann útskrifast.

Þetta er skóla saga hans í fáum orðum, en auk þess hefir hann gefið sig að ýmsum félagsmálum snertandi nemendur Manitoba College, kappræðu félögum, leikfimisfélögum osfrv. Þetta ár er hann forseti bókmentafélags skólans og kappræðu félags háskólans. Árið 1909 hlaut hann "Gold Medal for Public Oratory". Fyrir hönd háskólans mætir hann nú í veturna í kappræðu við háskóla Dakota ríkis. Verður kappræða sú haldin í Grand Forks í Dak., 4 Marz þ.á. Í hlaupum og stökkum, sundi og knattleikum hefir hann getið sér góðann orðstír.

Í haust ið komandi leggur hann af stað héðan til Oxford, og fylgja honum heilla óskir allra vina hans og foreldra hans.

Í fornri spá stendur

“Byrði betri  
berat maðr brautu at  
enn sje mannvit mikit:  
auði betra þykkir  
þat í ókunnum stað.”

og ekki sízt við Oxford.

Þá byrði hefir Íslendingum auðnast að bera fram yfir vonir. Enda er fyrir þá ekki annað veganesti með sér að taka úr föður garði. Því ekki er til auðs eða annarar frægðar að mæla. En gott þegar það er ekki að vanbúnaði. Þá byrði ber Joseph með sér og verður það ekki svo skammur farargreiði er faðir hans lætur í vaðsekkinn áður en þeir feðgarnir kveðjast.

R.P.

## TRÚARBRÖGÐ FRAMTÍÐARINNAR

ETTIR CHARLES W. ELEIOT

*Framhald*

Heiðinglegur Gyðing—Kristindómur hefir efalaust lagt mikla á herzlu á sjálfsfórn sem trúartlega skyldu. Hin nýja trú mun draga mjög mikið úr hiðni ímynduðu fórnarskyldu, og mun dæma allar fórnir ónauðsynlegar og skaðlegar, nema þær sem kærleikur og réttlæti bjóða. “Meiri kærleika hefir enginn maður en þetta, að hann leggi niður líf sitt fyrir vini sína.”. Sjálfsfórn er ekki góð eða lofsverð í sjálfsu sér, hún verður að vera skynsamleg og kærleikfull til þess að vera lofsverð; og tilgangurinn, sem fyrir augum er hafður verður að vera þess virði sem fyrir hann er gefið. Að sleppa aðlaðandi nautnum eða störfum fyrir einhverja hærri ánægju, eða eitthvert starf, sem þarf mikla umhugsun, er ekki sjálfsfórn; það er höfnun þeirra hluta sem eru tiltölulega lítils virði fyrir þá sem hafa hærra gildi. Það er aðeins skynsamleg hindrun alls þess, sem dregur frá aðal tilganginum, eða hinu þýðingarmesta skylduverki.

Aftur mun hin nýja trú kenna í þessu tilliti, að hamingjan sé skyldurækninni samfara, jafnvel í þessum heimi.

Öll trúarbrögð hafa verið upplyftandi og glæðandi fyrir andann, að meira eða minna leyti, í þeim skilningi, að þau hafa lyft hugsunum mannanna upp til einhvers afts þeim sjálfum ofar, til einnar eða fleiri vera, sem hafa meiri mátt og þol en tilbiðjandinn sjálfur. Þegar konungar og keisarar hafa verið teknir í guða tölum, þá hafa þeir verið gerðir að hugsjón, og hafa þannig lyft hugum manna upp frá hinu daglega lífi og því sem því tilheyrt.

Eftir því sem þessar verur, sem þannig hafa verið dýrkaðar urðu göfugri, fágaðri og betri með menningarframförinni, varð hin viðtekna trú meira hvetjandi til göfugleika og réttlætis. Mun trú framtíðarinnar verða manninum eins hjálpleg? Mun hún snerta ímyndun hans eins og manneðlisdýrkunin í Gyðingdónum, eins og fjölgvýðistrúin, Múhameðstrúin og heiðinglegur kristindómur hafa gert? Getur hún hrært mannlega sál eins og hin goðkendu náttúrumögn, hinir mörgu guðir og gyðjur sem áttu sér bústaði í loftinu, sjónum, fjöllum, lundum og ám, eða hinir mörgu guðir tilbeðnir í ýmsum kristnu kyrkjum—guðfaðir, guðs sonur, guðs móðir, heilagur andi og fjöldi verndar dýrlinga? Allir þessir guðir, sem mennirnir hafa tilbeðið, hafa verið hreyfandi öfl í sáarlífi þeirra, hafa blásið þeim fögrum og kærleiksfullum hugsunum í brjóst og knúð þá til að gera skyldu sína. Mun hin nýja trú koma jafn miklu til leiðar? Það er öll ástæða til þess að halda það. Tilfinning ótta og lotningar og ást á hinu fagra og góða munu halda áfram að vera til og munu verða sterkari og aukast að áhrifum. Allar eðlilegar mannlegar tilfinningar munu halda áfram með fullum kröftum. Nýja trúinn mun hlúa mjög að einni dygð, sem er tiltölulega ný í heiminum, sannleiksástinni og þránni að leita sannleikans, og sannleikurinn mun smám saman gera menn frjálsa. Þar afleiðandi mun hin komandi kynslóð verða frjálsari, afkastameiri og sterkari en þær, sem á undan voru. Þeir, sem trúua samkvæmt hinni nýju trú munu ekki tilbiðja forfeður sína, en þeir munu hafa gleggri meðvitund um skyldleika nútíðar og fortíðar en

menn hafa nokkurn tíma haft áður, og hver kynslóð mun finna betur og betur hvað hún á undanfarandi kynslóð að þakka.

Tilfinningar þer er mest hvetja man til gjöra verka eru kærleikur og voni. Fráin ætti að geta þessan tilfinningum frjalsara og ótakmarkaðra svigrúm en hingad til hefir átt sér stað; þá mundu kærleikur og von sameinast áhrifa miklum, hjálpandi, sýnilegum, verulegum og afreifanlegum verkum og breytni. Þegar einhver maður finnur áreiðanlega lækningu, við heilahimnubólgu, sjúkdómi, sem læknistræðin vissi ekkert rað við syrir nokkrum árum síðan, með því að nota í sambandi við uppgötvun á lyfi, hugmyndir og aðferðir, sem hafa verið fundnar upp og reyndar af öðrum mönnum, er hafa verið að rannsaka aðra sjúkdóma, þá gerir hann kærleiks verk; hann kemur í veg fyrir að ótal mörg ástarbönd slitni í framtíðinni og leggur traustan grundvöll fyrir vonir um margar slískar blessanir fyrir kynslóðir framtíðarinnar. Trú framtíðarinnar mun reynast, og hefir reynst, jafn áhrifamikil og nokkur hinna eldri í því að fylla hjörtu manna með ást og hjálpfýsi til annara.—Og það er hinn sanni tilgangur og markinið allrar heimspeki og allra trúarbragða, því það er vegurinn til að gera menn betri og sælli, þjóninn jafnt og þann, sem þjónað er.

Framtíðartrúin mun hafa þá kosti að vera almenns eðlis og samrýmanleg við þekkingu og valdmannanna yfir náttúrunni. Eins og trú barnsins er nauðsynlega mjög ólík trú fullorðins manns, og verður að vaxa með barninu, þannig verður trú mannfloks, sem vex fljótt að hæfileikum, að hafa möguleika til að vaxa að sama skapi. Trú hvers einstaklings ætti að vaxa með honum alla leið frá barnæsku til fullorðins ára, og hið sama gildir fyrir trú mannfloksins. Það erilt fyrir hverja þjóð að standa í stað hvað stjórnræðislegar hugmyndir og aðferðir snertir, eða í atvinnustofnunum sínum, eða nokkurri list eða iðn, jafnvel hinum elstu: en það er miklu verra fyrir þjóð að standa í stað í trúarskoðunum og síðum sínum. Hin nýja trú mun veita ótakmarkað svigrúm fyrir framför og þroska; hún mun hafna öllum takmörkum ætta, kynflokkja og þjóðartrúarbragða. Hún er ekki bundin við neina kenningu, trúarjátningu, bók eða

stofnun. Allur heimurinn er starfsvið hinna kærleiksfullu fylgjenda hennar, og hið aðsta boðorð hennar um hjálpssemi leyfir óendalega tilbreytingu og víðáttu bæði í tíma og rúmi. Hún er mjög óbrotin og hefur þess vegna mjög mikil af varanlegleika. Það er hið margbrotna, sem mest er hætt við að ólag komist á. Tákn þessarar trúar munu ekki standa í sambandi við fórnfæringar eða kenningar, en hún mun efalaust hafa tákn, sem merkja ást á frelsi, sannleika og fegurð. Hún mun einnig hafa félagslega síði og lotningarfollar athafnir, vegna þess að hún mun minnast góðra hugsana og verka, sem koma frá liðnum kynslóðum. Hún mun einnig hafa sína dýrlinga, en að komast í dýrkingatölu hennar mun verða nýjum skilyrðum bundið. Hún mun einnig eiga sínar hetjur, en þær verða að hafa sýnt kærleiksíða, óeigingjarna og verndandi hreysti. Hún mun hafa samneyti með hinum mikla anda, með sálum framliðinna og með lifandi mönnum með líkum hugsunarhætti. Að vinna saman verður ein af aðalhugmyndum hennar—samvinna manna við guð, við spámenn, við leiðtoga og kennara; samvinna mannvitsins og náttúrukraftanna. Hún mun halda fram notkun valds aðeins að svo miklu leyti sem það er nauðsynlegt til að tryggja sainvinnu fleiri eða færri með einum og hinum sama tilgangi; og agi sá, sem hún mun bjóða, mun verða æfing í að þroska hinn samvinnandi góða vilja.

Mun nú trú þessi ná útbreiðslu í heimi tuttugustu aldarinnar? Þér hafið heyrт í þessum skóla mikil um baráttu á milli efnishygju og trúarlegs hugsæis, um uppreisn á móti löngu viðteknum kenningum; um tíðar umbótaöldur, sem ganga í gegnum og stundum yfir kyrkjuna; um áhrif nútíðar heimspeki, siðferðishugmynda, félagslegra umbótavona og lýðstjórnar á hinum eldri kyrkjum; og um burtför margra úr kyrkjunum í löndum, sem eru að miklu leyti mótmælenda trúar. Fleiri milljónir Ameríku manna finna bæði þægileg trúarbrögð og fullnægingu félagslyndis í Frímúrarafélögum, Odd-Fellows stúkum, bræðrafélögum, bændafélögum og verkamannafélögum. Að svo miklu leyti sem þessar mörgu félagsstofnanir opna stærri sjóndeildarhring fyrir mönnum og konum, og kenna þeim að bera virðingu hver fyrir

öðrum, og jafnframt félagslega og verklega samvinnu, grípa þær inn í starfsvið fraintíðarinnar. Fylgjendur andatrúarinnar og kristnu vísendanna og sállékningsmenn af öllum tegundum draga all marga frá hinum eldri kyrkjum og kasta skugga á viðteknar kenningar og trúarjátningar. Samt sem áður heldur meiri hluti fólks fast við kyrkjurnar og mun að líkendum gera það, meðfram vegna þess að bönd tilfinninga hafa hnýtt þá við þer á þýðingarmestu stundu n lífs þeirra, og meðfram vegna þess að ástand þeirra leyfir þeim ennþá að taka trúanlegar þær skoðanir, sem þeir hafa erft og sem hafa verið kendar þeim á unga aldri. Hin nýja trú mun þess vegna, taka hægum framförum hvað stofnanir snertir. Hún mun samt sem áður stöðugt breyta trúarjátningum og síðum alla þeirra kyrkna, sem til eru, og hún mun breyta táknum þeirra og síðferðiskenningum. Þar sem aðalkenning hennar verður kenning um hina hæstu einingu efnis, kraftar og anda, og æðsta boð hennar verður: vertu nytSAMUR og hjálpsamur, mun hún hafa mikil sameiningar áhrif á mennina.

Kristin eining hefir æfinlega verið þráð af einlægum trúmönnum, en það hefir verið reynt að ná henni á ómögulegan hátt. Stjórnandi kyrkjur hafa reynt að þróngva öllum innan vébanda sinna til að hafa sömu skoðanir og fylgjast með í sömu síðum, en þær hafa aðeins náð takmarki sínu með tíma og á takmörkuðum svæðum. Eftir því sem frelsið hefir vaxið í heiminum, eftir því hefir reynst erfiðara að koma jafnvél ytri einingu á með valdi; og í löndum, þar sem ríki og kyrkja hafa verið aðskilin, hafa mjög sundurleitar trúarskoðanir og síðir komið í ljós í mismunandi kyrkjustofnunum, sem hver um sig hefir ótrauðt fylgi einhvers hluta fólksins. Þar sem það er áreiðanlegt að menn eru altaf að eignast meira og meira frelsi í hugsunum, orðum og verkum, mætti síðað manufélag gera ráð fyrir að ómögulegt sé að sameina alt trúhneigt fólk með nokkurri kenningu, trúarjátningu, helgisiðaathöfn eða guðsþjónustu aðferð. Alt þetta sundrar en sameinar ekki, hvar sem skynsanlegt frelsi á sér stað. Hin nýja trú heldur fram sem fyrsta grundvelli til sameiningar, í fyrsta lagi, kenningu sinni um

kærleiksríkan guð í öllum heimi, og í öðru lagi bcði sínu: vertu öðrum hjálplegur. Það er nú þegar komið í ljós í hinum frjálsu löndum heimsins, að sundurleitar kyrkjustofnanir geta verið sanitaka í góðum verkum til að auka velferð mannanna. Við-hald spítala, ókeypis lyfjabúða og líknarstofnana af fólk, sem tilheyrir allskonar trúflokkum, sameining allra kyrkna til að halda uppi fátækrahjálp í stórbæjunum, viðgangur "kristilegs félags ungra manna" og margar aðrar tilræunir til að mynda sambönd af skyldum kyrkjum til nytSAMARA framkvæmda, sanna allar gagnsemi víðtækrar samvinnu í góðum verkum. Ennfremur getur hin nýja trú ekki myndað nokkurra stétt, kyrkjulegan embættislyð eða þróngsýnan flokk grundvallaðan á helgisiðum. Á þessum grundvelli er ekki óskynsamlegt að hugsa sér að nýja trúin muni reynast sameinandi kraftur og mikill styrkur fyrir lýðstjórn.

Hvort hún muni reynast eins áhrifamikil í því að aftra mönnum frá að gera rangt og hvetja þá til að gera hið rétta, og hin viðteknu trúarbrögð hafa verið, er spurning, sem reynzlan ein getur skorið úr. Með tilliti til þess hafa hvorki hótanir né loforð hinna eldri trúarbragða reynist mjög vel í mannfélaginu yfirleitt. Hræðslan við helvítí hefir ekki verið fullnægjandi til að aftra mönnum frá að gera rangt, og himnaríki hefir ekki ennþá verið lýst svo að það hafi haft mikil aðráttarafl fyrir menn og konur yfirleitt. Bæði eru vissulega óhugsanleg. Miklir gáfunmenn, eins og Dante og Swedenborg, hafa framleitt aðeins fjarstæðulegar og ótrúlegar myndir af hvorum staðnum. Nútíðar maðurinn mundi ekki finna að hann hefði verulega tapað nokkurri hvöt til góðs, eða til að forðast ílt, þó himininn brynni og helvítí slökknæði. Hinar vanalegu kristnu hugmyndir um himnaríki og helvítí hafa ekki meiri áhrif á mentað fólk nú á dögum en Ólympus og Hades. Sál nútímans krefst hvata eða handleiðslu, sem hefir gildi nú þegar á þessari jörð. Nýja trúin byggir á verulegri reynzlu manna og kvenna, og mannfélagsins í heild sinni. Hvatiðnar, sem hún reiðir sig á hafa verið, og eru, starfandi í lífi ótal margra manna; og hennar blessunarríku hugsjónir og vonir eru betur grundvallaðar en þær sem í hinum

viðteknu trúarbrögðum er að finna, og þær eru betri, vegna þess, að þær eru lausar við alla eicingirni og ímyndanir um stjórnir, dómstóla, félagslega upphefð og stríð.

Að lokum, þessi tuttugasta aldar trú á ekki aðeins að vera í samræmi við hinum miklu veraldlegu hreifingar mannfélagsins—lýðstjórn, rétt einstaklingsins, félagslegt hugsæi, áhuga fyrir mentun, rannsóknar löngun, tilhneigingu nútímans til að veita nýjungum fljótar viðtökur, hina nýju krafta varnandi meðala, og síðari tíma framfarir í síðfræðinni viðvíkjandi verzlun og iðnaði—heldur einnig í raun og veru í samræmi hinum áreiðanlegu kenningar Jesú, eins og frá þeim er skýrt í guðspjöllunum. Opinberun sú, sem hanu gaf mankyninu verður þannig dásamlegri en nokkru sinni áður.

---

## SKAMMSÝNI

---

Í algjörum skilningi sjáum vér menn ekki neitt. Ekkert það heitið getur. Enda hversu má það? Vér tökum varla upp úr grasi. Í samanburði við þessa jörð, sem þó ekki er stór í samanburði við aðra hnerti himinngeimsins, aðeins eins og eitt smærsta sandkornið í sjávarmálínus.—Í samanburði við hana erum vér einsog ekkert, lítið meir, en arið í sólargeislanum. Yfir höfðum vorum svífa fuglar himinngeimsins, yfir höfuð vor gnæfa tré merkurinnar afar hátt. Andardráttur vor vekur ekki boða á ölduhafi loftsins, rödd vor þagnar og deyr út í fáeinna faðma fjarlægð frá oss sjálfun. Hversu fáum vér þá í algjörum skilningi séð og skynjað alt?

Vér skiftum tímanum niður í daga og nætur, eyktir og stundir, ekki svo vér fáum betur talið hann, heldur svo vér fáum betur miðað æfina við þessi fáu fótum sólbrautarinnar.

Er sól rís og sendir geisla á himinhvolfið, segjum vér kominn dag. Ljósið leggur um vorn hluta heimsins. Vér rísum af sæng. Vér erum á ferli og inni.

Hvað sjáum vér?

Út um glugga híbýla vorra, sjáum vér menn og skepnur á ferð, snjó þakta jörð, hús í hillingum nær eða fjær, til skóga, upp í heiðblaðann himinn, á stöku stað til hafs.

Úti, þótt vér staðnænumst á göngu vorri, sjáum vér hið sama. Og ef vér horfum til himins sjáum vér blágeiminn og hér og hvar að um hann sigla slæður, sumar þykkar og háar, aðrar þunnar og gresjulegar og á milli stafa út geislar sólar.

Slæður þessar er gufa jarðar.

Vér sjáum aðeins út í geiminn og að í honum hangir í óteljandi myndum gufa jarðarinnar í afar fjarlægð fyrir ofan oss, ský er bera hraðan fyrir vind.

Petta hefir mætt augum mannkynsins um óteljandi aldir, öld af öld, kynslóð eftir kynslóð. Hugsanir hefir það vakið stundum, án þess þó að meira fengi nokkur séð eða lengra litið. Meðal alls fjöldans vakið þó alls engar hugsanir, en í stöku hjarta, ef til vill, vakið óljósa þrá eða löngun; löngun að svifa út um heimin.—Far þrá. Andinn finnur ávalt, hjá þeim, þar sem hann er annars nokkur, einsog eitthvað kreppi að, einhver þreingsli, takmörkun og út fyrir þrengslin, takmörkin, þróttleysið fálmarr hann og seilist. Og hver mynd sem með sér ber ótakmarkaðann mátt, svifrúm, vekur hann af dvala einsog dagsljósið sofandi mann.

Til himinfaranna hafa skáldin sent kveðju, ákallað þau að vera sér vegvísarar, flytja sig, kenna sér flugið og máttinn að lifta sér yfir það hversdagslega. Börnin jafnvel að leikum sínum hrópa yfirkomin: "Sjá, þarna er guð." Gufa jarðar hrópar til gufu jarðar!

—Furðulegt!—

Augað hefir séð farfleygið. Meira hefir það ekki séð. En tilfinningin hefir vaknað!

Og hvernig getur á því staðið? Tilfinning mannlegrar sálar fundið skyldleika með hinum dauðu hreyfingumþáttúrunnar, fundið þar líkingu sinna eigin langana, dæmisögu síns eigin sálarlífss? Er það af því að skyldleikinn er til, milli mannsins og ytri tilverunnar, milli mannlífsins og alheims lífsins? Er það af því að alt líf er eitt í þessum óteljandi myndum, og ein mynd-

in þráir og stynur eftir að ná fullkompleika hinnar er hún finnur skyldleika við, sem í einhverju er æðri? Er það af því að sókn allrar tilveru eru stígin upp, að lífið þráir, strax og það eignast sjálfs vitund svo það kunni að þrá, æðri tilveru heim, óbundnari sjálfsveru, svo það geti lifað stærra, séð fleira, skilið meira, dugsað dýpra?

Hví beygir þá barnið sig niður að jörð og bendir til skýsins, "sjá, þarna er guð?" Og hví hrópar skáldið í nafni mannanna til þess og biður það að svífa með sig út um heiminn, ljá sér vængi, léttfleygji? Og hví horfum vér algengt fólk með undrun og ólyisanlegum svip, á svörtu hnoðana, sem um sumar dag fljúga yfir jörðina svo einkennilega létt?

Eg hef séð menn horfa á þá, undrandi þögula og hljóða, og eitthvað búið þar í svip þeirra þá, er orð fá ekki lýst og þó hafa þeir horft aðeins þá, á skugga skýjanna,—þessarar samföstu gusu jarðarinna.

Og vér horfum oft á skugga gusu jarðarinna, skugginn í grófinni hvað er hann annað; þótt undir honum einsog svörtum faldi, megi sjá hvítfaldaða engla? Og undir skugga skýjanna sjáum vér einnig hvítfaldaða engla—græna jörð—líf, eilísfðar líf í ótal myndum.....

Allar myndir þessa heims, eru dæmisögur—dæmisögur vors mannlega lífs.

Hafið, elfan, fjallið, bláloptið, skýin, geislarnir, döggin, regnið og snjárinn. Kaldur hvítur snjár—mannlegt líf. Hreint einsog frostið, hvítt einsog mjöllin en kalt eins og freðinn snjár.

Það er tölustafa, *dygðareikninga lífið*. Þar sem dygðirnar eru taldar í bókstöfum eða tölum og eru orðnar að efnislegum hlutum í neium, í afneitunum, þeim hlaðið upp í háann hlaða, og mennirnir benda á hlaðann sinn og segja: "Má benda á hlaðann minn?" þær eru mótaðar upp í *verju færí* mannanna, og steypt úr þeim lóð á metaskál Drottins, er vegur niður á móti hverju sem er á móti lagt.

Dygðareikninga lífið er slétt nema þar sem veðrin hafa barið það saman í brúnir. Það er slétt og hvítt, en það er hvítt af frosti og kali.

Og fjallið og elfan og regnið eru dæmi mannlegs lífs. Regnið úrsvala og kalda, er gefur þó lífs kraft, er gæfulausa og glataða æfin, er einnig gefur á vissan hátt lífskraft. Og til er ekki sú glötuð æfi að ekki veiti hún líf, og má yður virðast það undarleg kenning.

Í fyrsta lagi án glataðrar æfi, gæfusnauðrar æfi, væri ekki dygðareikninga lífið til, því ekki yrði það þá dygð að láta samhyggð sína við mannlegar þrár og lífslöngun verða úti, ef hjá einstöku væri hún ekki í ofríkum mæli og leiddi stundum út í ófærur. En þess utan, getur og glötuð æfi orðið öðrum til lífs, —með því að glata henni fyrir aðra.

Að þau orð gætu bergmálað og grafið sig sem dýpst í huga þess sem æfinni er að glata! — “Æfi þín er að mestu glötuð, þú ert að glata henni,” um leið og samvizka mansins hvíslar þeim orðum að honum, að hún bætti þá við, “en glataðu henni þá fyrir aðra, með því verður hún öðrum til lífs!” Og það ráð vildum vér gefa þeim sem eru að glata æfinni, eða ætla að glata henni, að glata henni þá fyrir aðra svo hún verði öðrum til lífs. Og það ráð er ekki frá mér því ádur fyrri á tíð var sagt á einum stað, “sá sem ætlar að forða lífi sínu mun glata því, en sá sem glatar því mun finna það” og það er nokkuð hið sama.

Ef þú hefir pening til að kasta, þá keyptu með honum þraeli frelsi. Ef þú hefir blóði að fórna láttu það falla í þína móður mold, henni til gróðrar og blessunar, og ef þú hefir æfi að glata, glataðu henni fyrir aðra, þá verður hún öðrum til lífs.

En, að vér snúum aftur nær því sem vér vorum að athuga. Vér sjáum skamt, eða sem næst ekkert, í hinum ýtrasta fullkomna skilningi. Myndir dagsins, bera oss fyrir eins og vér höfum bent á og sama má segja um myndir nætur. Myndir sumarnæturinnar, —því sumar nóttinn er sú eina sanna nótt, —vetrar nóttinn er ekki nótt, —hún er dauðinn. Og hvað sjáum vér um þá nótt?

Upp í bláloftinu þúsundir stjarna. Þær sindra fyrir auganu og blakta eins og skar, á kveik, sem er að deyja. Og máske eru þær skar — á kveik, sem er að deyja — um hundraðir millíona ára — oss getur dreymt um það — vér sjáum það ekki. Og þá eru

sjálfsagt ljós tendruð fyrir millíónum ára en sem augað hefir ekki enn séð. Vér sjáum bláan geiminn og skýbakkann við vesturröndina, en vér finnum til svo mikils meira. Fjarlægðanna eilífu og óendanlegu, "dýrðarhafsins" sjálfs sem Björn Gunnlaugsson kallaði.

Hann *fau*,—hann *sá* ekki,—að það er ógnar hugsun ill og sljóf að ætla föður hæða, að fæða sér olnboga börn, og að gæzka guðs streymir óhultara út í dýrðar ægin, en án Rín ratar út í sæinn.

Vér finnum fjarlægðina,—vér finnum anda hátignar, dýrðar og máttar er fyllir allann þann víðáttu mikla geim, alt rúm og tekur yfir alla eilísf.

Og frá höndu vinarins er situr oss við hlið og horfir eins og vér og skoðar undur djúp þessa ómælilega geims, finnum vér yllinn er streymir frá sál til sálar, finnum til sameiginleika mannlegs lífs og að fyrir þessari sjónar-tilfinningu erum vér einsog tvö vegvilt börn, í fjöru tímans.—Framundan er hafið—enda lausa.—

Mold hverfur til moldar en hið ómælilega djúp stjörnuheimsins þrýtur aldrei.

Það finnur maður.

Maður *finnur* svo mikið meira en maður *sér*.

Sem barn horfði eg oft upp til stjarnanna um náttmálaskeið og hve mörg börn hafa ekki gjört hið sama. Sem fulltíða maður hefi eg undrast víðáttu næturhiminsins, og sem aldurhníginn maður, eigi eg svo langa braut ógengna, vonast eg til að eg fái enn litioð þá sömu sýn með óblandinni aðdáun og lotningu.

Um kveldstund er eg sé mann sitja fyrir dyrum úti og skoða næturhimininn, vil eg ekki raska hans ró, því eg veit að þar er haldin guðspjónusta. Ef til vill sú fullkomnasta og fugursta og sannasta sem til er. Hvar andi hans er þá hvert hugurinn leitar hvert það er undir þá lofthvelfingu er breiddi sig yfir höfuð hans þegar hann var barn, vitum vér ekki, því inní hugskot mannanna fáum vér svo lítið skygnst. Og er það eitt enn, með öðru, er

vér fáum ekki sô. En hitt vitum vér, að til nálagðar aðri kraftar, finnur hann, því til þess höfum vér og einnig fundið og að einn er *sá* sameiginuleiki alls manlegs eðlis, þótt *sjónin* sé veik og óskýrr. . . . .

R.P.

## HUGSJÓNIR

Vort hversdagslega líf er snauft. Og ýmsir álita að það verði helst auðgað með vélum. Maskínum, er vinni meira, framleiðni meira, hafi tvöfalt sverari hreisimöndul, bói til en meiri peninga. En það er ekki allskostar rétt.

Framleiðslu magns þarfnaðast samtíð vor einsog allir tímarr og stundir meðan fólk býr hér á jörð og þarf að lífa. Samtíð vor þarfnaðst framleiðslu á efnalega vísu. Enginn skyldi lítils virða það því slíkt er fávísí. Vér þurfum öll að eta og klæðast og sjá fyrir daglegum þörfum og engien vafí er á því, eftir því sem mannfólkini er gjört það léttara, eftir því má vænta meiri vellifunar hér á jörð. Og jafnvel það augnamið í sjálfu sér, að vinna að því að léttu þá baráttu á efuislega vísu er stórgöfug hugsjón. En sú velmegun er tæplega einhlýt og helst ómöguleg til nokkurs framhalds, nema andleg framför fylgist með.

Vér getum tæplega sagt að Maura-Jón, er safnar fullum sjóvetlingum af peningum, og grefur þá í fiskihlöðum, en sefur sjálfur í moðbing og klæðist tötrum, sé sjálfstæður. Það vantar æði mikið á það. Né er heldur haegt að segja að efnaður nútíðar maður, sé hann svo að hann eigi ekkert mið framundann, sé hann annara málvél, vinnuvél, sé sjálfstæður. Þessi tíð, einsog allar aðrar aldir þarfnaðst líka andlegrar framleiðslu er gjöri menn andlega sjálfstæða. En nú virðist það hugum manna fráleitara og lagt til minni meta en að safna fé, og hver munur er hugsjóna mansins og hins er enga hefir, er oft ekki gjörður né talinn, og hver munur er hugsjóna skáldsins og hins veit eða skoðar fjöldin ekki.

Á yfirborði þjóðlifs vors fljóta ýmis hugtök og hugsjónir, en því miður allt of mjög á yfirborði.

Það sem eðlilegast er að skilja með hugsjón, er tilgangur, markmið framundan, er tilveru skilyrði hefir öll, fyrir því að geta orðið virkilegur en sem krefur vissra verka og stöðugra áfirma, er nær til og snertir þjóðarheildir og ber það með sér að geta orðið almenn, fyrir alla, heillavænleg, lög eða regla þjóðlífssins alls. Einsog tildæmis sigur þjóðarinnar yfir óvinum sínum "svefn og doða" nær til allra, hvers mansbarns, með betrandi lifsskilyrðum, fegurri framtíðarheimi.

En í svo breiðum og djúpum skilningi eru hugsjónir vorar ekki teknar enn. Yfirlitið er ekki nógum stórt og viðtækt, og vér endurtökum það enn að yfirlit anda vors verður að vera viðtækt, ná yfir alla tilveruna einsog vér fáum bezt skilið hana, og ná ekki eingöngu yfir mannfélagið, því út fyrir það verðum vér að skygnast ef vér eigum að fá sér tilgang og mögulegileika lífs vors, heldur og til hins ytra heims og þess alveru kraftar og lífs er honum viðheldur, sambands vors við hann og samverkana. Þá sjáum vér fyrst í hverju sannleikur orðanna liggur, er tölud eru til allra manna, "af stórum ertu kominn, og stórt þér hæfir" Orð er Peer Gyt og hans líkar aldrei skilja.

Hugsjónir sem fljóta hér á félagslifi voru eru nokkrar, og viljum vér nefna eina þeirra, og leitast við að sýna í hverju hún er yfirborðs hugsan en ekki hugsjón.

Og það er "Frelsi"

Það orð sem veglegast er allra orða áhrærandi lífstöðu allra vor. Hugsjónin er upphafið hefir þann litilmótlega öld eftir öld hvað eftir annað og steyp特 harðstjórum af stóli. Sú hugsjón er sterkari hefir verið lífinu í brjósti alla göfugra sona og dætra mannheimá vorra. Fyrir frelsi hefir vöskust vörnin verið sýnd. Hin dæmafáa vörn Finna sem hin ógleymanlegu Fenrick Staels ljóð lýsa, sem rituð eru með því tilfinninga ríki að hvert orð er skrifð úr hjarta blóði skáldsins. Þar sem lýst er fávitanum sem á sterkari réttlætis tilfinningu, frelsis þrá, en lífs hvöt, er hann segir: Get eg ekki látið lífið fyrir land og konginn minn!"—Og hann lætur lífið en bjargar þúsundum annara lífa.

Par sem lýst er ungimeyjumni er leitaði í valnum og fann ekki unnustann. Hann hafði svikist á burt til þess að forða lífinu og þá vildi hún ekki lifa.

Fyrir frelsi hefir konungurinn mesti, Gustaf Adolf látið lífið. Maðurinn sem skynjaði svo vel hvað þetta líf er, og sagði þegar sáma átti hann skrúðgöngum og allskonar virðingu í nordurför hans, í Erfurt, „All hugsið ekki um mig, því hvað er eg annad en vesæll og deyjandi maður, en hugsið um málefnið og hugsjónina sem barist er fyrir.“

Þetta orð frelsi heyrist oft meðal þjóðar vorrar, en hvað þýdir það, er það hugsjónin forna og nýja, yfirlitið stóra og víðtæka sem horfir til hinna eilísu réttinda allra manna?

Það er ekki svo stórt orð, ekki svo djúpt. Það er yfirborðs hugsun sem hálf marar í kafi þróngsýnis og andleyisis. Frelsi er tíðast skilið sem sérréttindi einstaklinga, skipuleysi, einraeni.

Veit þá engi að frelsi er hugsjón um mannfélagsástand, er krefur skipulags lögmáls alveg á sama hátt einsog vort eigið líf.

Vér sem lifandi verur þolum hvorki eld eða vatn. Líkami vor hlýtir vissum lögum, hugsanir vorar eru lagaðar eftir vissum reglum er vér nefnum hugsana fræði, annars eru þær á ruglingi og tæpast hugsanir. Eins er með frelsið. Það hlýtir vissum reglum og ein sú stærsta og mesta er sú þó undarlegt megi virðast, að sá sem vill forða lífi sínu verður að glata því. Það er svo mikið sem hver verður að gefa, af lífi sínu, starfi, hugsunum til annara. Annars varir ekki frelsið. Því það er samvinna og samverknaður, með jaðnaðarviðurkenningu og réttssýni allra á meðal, annars og án þess er ekkert frelsi til. „Hugsið eigi að það nægi, efst á blaði ‘frelsi’ stafa, háleit orð, sem heimskir flípра, hefna sín og verða að klafa.“ Það mega allir reiða sig á.

En þessi hugsjón er enn ekki nema hugsun semi flýtur ofan á. Ef vér álítum að það sé frelsi að hver megi fara eftir því sem honum *einum* sýnist, án nokkurs tillits til annara og að reglan sé eiginlega sú að þekkja engin lög, enga setninga, ekkert skipulag. Þá er ekki um frelsi að ræða. Að eiga stefnu og lifa henni svo að lífið týnist allt í þjónustu þess hugtaks, glatist svo það finnist, ef vér viljum nota það orðtæki, það er að vera frjáls.

R.P.

## FÉLAGSMÁLIN

Únítarasöfnuðurinn í Winnipeg hélta ársfund sinn sunnudagana 30. Jan. og 6. Febr. síðastl. Skýrslur yfir starf safnaðarins á síðastliðnu ári voru lesnar af hluta Þeigandi starfsmönnum hans.

Yfirleitt er hagur safnaðarins mjög góður. Kyrkjueign hans með því sem henni tilheyrir er vört á \$26,629 og þar að auki eru \$333.31 í sjóði. Skuldir þær, sem á söfnuðinum hvíla nema \$2,846.61, sem gerir skuldlausar eignir safnaðarins að meðtöldum ógreiddum skuldum að upphæð \$57, \$23,639.39. Þegar þess er gætt að söfnuðurinn hefir frá því fyrsta verið mjög fámennur, má fjárhagurinn nú kallast afbragðs góður, enda hafa meðlimirnir altaf lagt fúslega fram þegar á hefir þurft að halda. Samþykkt var að styrkur sá, sem söfnuðurinn hefir þegið árlega frá Ameríkska Únítara félagini skyldi særast á næsta ári úr \$900 niður í \$500.

Í safnaðarnefnd voru kosnir: Josep Skaptason, Skapti Brynjólfsson, Hannes Pétursson, Friðrik Sveinsson, Þorsteinn Borgfjörð, Hallur Magnússon og Stefán Pétursson.

Meðlimatalan jókst um 18 á árinu. Að vísu er það ekki há tala en sýnir þó áframhaldandi vöxt, sem er tiltölulega mjög góður, samanborið við annað félagslíf hér í bænum á sama tíma. Vonandi er að allir þeir únítarar, sem utan safnaðarins standa finni hvöt hjá sér til, annað hvort að ganga í hann eða að styðja hann sem meðlimir væru; nokkrir hafa undanfarandi gert það á mjög drengilegan hátt.

Stofnun unglingafélags í sambandi við söfnuðinn má teljast til framfarasporanna á árinu. Það hefir nú starfað nokkuð yfir hálft ár með góðum árangri.

Kvenfélag safnaðarins hefir reynst honum hjálpsamt nú sem fyrri, Síðasta framkvæmd þess var að kaupa vandað píanó fyrir samkomusalinn, sem mjög mikil þörf var á.

Á fundinum kom í ljós hjá öllum einlægur áhugi fyrir mál-efni safnaðarins. Það er ósk vor og sannfæring að þessi áhugi glæði og eflí ötula samvinnu á meðal allra þeirra, sem eru

únítariskum skoðunum samþykkir, á árinu, sem nú er byrjað. Samvinnan og einingin eru alstaðar nauðsynlegar, en hvergi þó jafn nauðsynlegar og þar sem starfsmennirnir eru fáir og mál-efnið stórt.—Góður vilji er sigursíell, honum er ekkert um megn.

Pann 12. Sept. í haust er leið myndaðist nýr söfnuður við Otto P. O. hjá Grunnavatni. Var safnaðarmyndun síu að miklu leiti að þakka starfi hra. Alberts Kristjánssonar, guðfræðisnemanda við Meadville prestaskóla, er var þar vestra síðast liðið sumar og þjónaði Mary Hill söfnuði í Álpavatns byggð um sama tíma.

Allareiðu voru margir frjálslyndir með Grunnavatn, og þar á meðal hra. Pétur Bjarnason er verið hefir útbreiðslu stjóri hins Únítáriska kyrkjufélags nú um nokkurn tíma. Og komið hafði til tals að mynda þar söfnuð ný fyrir nokkru en varð þó ekki af þá, vegna þess að mönnum fanst tæplega tími tilkominн fyr en almenningi bygðarinnar gefist kostur á að kynna sér skoðanir Únítara. Messum var því aðeins haldið uppi undanfarin ár og að lokum hefir það borið þenna árangur.

Á fundinum í haust voru þessir kosnir í safnaðarnefnd : Pétur Bjarnason, forseti; Mrs. Oddfríður Johnson, vara forseti; Steinþórr Vigfússon, Skrifari; Pétur Pétursson, vara skrifari; Einar Johnson, féhirðir; Ingimundur Sigurðsson og Mrs. Sigríður Hördal, meðráðamenn.

Ársfund hélt söfnuðurinn aftur nú í síðastliðnum mánuði (Janúar) og voru þá flestir hinir sömu endurkosnir. Í stað skrifara var Miss Rannveig Halldórsson kosin og í stað meðráðenda hra. Jónas Halldórsson og Jón Vestdal.

Söfnuður þessi nefnir sig "Únítariski Söfnuður Íslendinga við Grunnavatn." Er nú byggðin hér vestur af Winnipeg, við Manitoba vatn vel skipuð frjálshugsandi mönnum og líkur til að síu stefna eigi þar fagra framtíð. Hafa söfnuðurnir við Manitoba vatn og Grunnavatn kallað til sín prest með komandi

sumri. Hra. Albert Kristjánsson, og verði hann við ósk þeirra eiga þau mál vænlega framtíð, því hann er bæði hæfilegileika maður mikill og einkar vinsæll þar sem menn fá kynni af honum.

Grunnavatns söfnuður er rétt í byrjun, á því hvorki kyrkju eða samkomuhús, er það eitt af því sem hann þarf að eignast það bráðasta er hann hefir komið fyrir sig fótum, enda verður honum það mögulegt vonandi er framlíða stundir.

---

Mary Hill söfnuður hefir nýlega haldið ársfund sinn, en ekki höfum vér spurt hversu verkum er skipt með nefndinni en heyrst hefr að sama nefndin væri endurkosinn. Hefir sá söfnuður gjört vel er hann kallaði til sín prest á síðastlíðnu sumri og tók rausnalegan þátt í tilkostnaði hans meðan hann dvaldi hjá honum. Söfnuðurinn á allareiðu kyrkju og er því vel viðbúinn að halda uppi starfi strax og hann fær til sín prest, er væntanlega verður á þessu sumri. Það er og í hyggju að kyrkjufélag vort haldi þar þing sitt á næsta sumri, ef kríngumstæður leyfa.

---

Norður í Narrows byggð eru fjölda margir sinnandi vorum Únítarsku málum og má vænta þess að strax og hægt væri að veita þeirri byggð nokkra þjónustu myndi rísa þar upp öflugur félagsskapur, er veita myndi samvinnu kyrkjufélagi voru, efla skoðanamál vor.

---

## Maðurinn mælikvarði alls

---

Maðurinn er mælikvarði allra hluta, sagði einn forngríski spekingurinn. Mjög djúp og mikilsverð sannindi felast í orðum þessum, sannindi sem mennirnir hafa þrásinnis gleymt.

Það sem einkennir fátæklegustu tímabilin í sögu mannsandans er að maðurinn treystir sjálfum sér ekki til að finna sannleika, sem hann geti reitt sig á. Hann leggur ekki út í neina leit vegna þess að hann óttast að árangur leitarinnar verði svo þýðingarlaus að leitin borgi sig ekki. Sannleikurinn er gefinn utan að, hann kemur sem valdboð, sem maðurinn verður að hlýða; að efast er að sýna óhlýðni, og hlýðnin er fyrsta og stærsta skyldan.

Pegar maðurinn treystir sjálfum sér, þegar hann í óvissukvöld efans hrópar: ég vil sjálfur skoða, ég vil finna sannleik, ég vil finna sannleik, ég vil ákveða hvað sannleikur skuli vera fyrir mig —þá vex hann andlega. Sál hans brytur af sér böndin, virðir hlutina á ný og metur þá samkvæmt sínum eigin geðþóttu, án nokkurs tillits til valdboðanna og hins viðtekna sannleika.

Þá eru dýrðardagar í sögu mannsandans. Þá rísa upp andleg ofurmenni; þá birtast nýjar hugsjónir í trúarbrögðunum, skáldskapnum og listinni; þá afhjúpa vísindin nýja heima, þá er það skoðað augliti til auglitis sem áður var í þoku.

En mennirnir eru yfirleitt svo undur skammsýnir.

Einn hlúir að og þroskar í sálu sinni smáa og eicingjarna hugsun, er sprettur upp af einni tilfinningu, sem er sterkari en aðrar í brjósti hans. Þessi eina hugsun verður honum mælikvarði allra hluta. Hinn óendenlegi tími, og rúmið, sem ljósgeislinn með sínum ógna hraða, kemst aldrei út úr, verða að leiksviði, þar sem öll öfl og allur virkileiki eiga að stjórnast af hugsuninni smáu, sem á rætur sínar að rekja til einnar tilfinningará í brjósti eins manns. Eilffðin, hið óþekta fyrir handan grös og dauða eru bara eftirmyndir þess sem hér er hugljúft.—Heimurinn er allur til þess gerður að vonir einstaklingsins, sem þo eru bundnar við þessa jörð og hennar gæði, nái að rætast—Hví líkt þróngsýni að lesa sögu brennandi og kulnandi sólkerfa við hina daufu glætu vorra eigin jarðbundnu, einstaklings hugsana og vona!

Og þó er maðurinn mælikvarði allra hluta. Mælikvarði á þann hátt að hann útskýrir fyrir sjálfum sér alla tilveruna og

myndar sér með þekkingu sinni og rannsókn sannleik, sem gildir uns starfsvið andans stækkar, — En maelikvardinn er ekki í einum heldur í öllum — mannkyndi er maelikvarði alþra þeitra hluta, sem það hefir skynjað. — Undarleg mótsögn; því hvemar hefir öllum borið saman um nokkurn sannleik? Jú, einmátt það sem gerir þekkinguna á hverju sem er, áreiðanlega er, að mennirnir yfirleitt geta átt sameiginlegan sannleik. Sá sannleikur er allra, en hann er ekki hvers og eins til að fara með samkvæmt eigin geðþóttu. Því þó hann hafi upphaflega aðeins verið til í sál eins manns, þá samt sem áður verður hann að eigu allra ef hann á að ná sínum upprunalega tilgangi, og um leið verður maelikvardinn, sem í honum felst almennur.

Samleikurinn er ekki þráðbeinu vegur, sem hefir verið lagður fyrir oss mennina af guða höndum og sem vér getum fylgt samkvæmt ytri tilssögn eða innri ávísan. En hann er vegargerð í mörgum myndum, sem aldrei tekur enda, því ávalt stefna mennirnir inn í nýtt og ókannað land. — Og þar er það andi mannsins sjálfss sem metur gildi hvers hlutar og setur honum lög. — Hann má aðeins ekki gleyma, að það sem hann sjálfur mælir, mælir hann fyrir sjálfan sig.



## HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglysinga.  
Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

Gefin út af hinu Íslenzka Únítariska Kyrkjufelagi í Vesturheimi.

### ÚTGÁFUNEFND:

Rögnv. Pétursson

G. J. Goodmundson

Friðrik Sveinson

Hannes Pétursson

Guðm. Arnason

Gisli Jónsson

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðvirkjandi sendist til Guðm. Árnassonar, 577 Sherbrooke St. Peningar sendingar sendist til Hannesar Péturssonar, Union Bank,  
577 Sargent Avenue.

THE ANDERSON CO., PRINTERS